

4. júní 2015
Tilvísun: 1505142

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands við frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012, 272. mál

Með tölvupósti, dags. 20. maí sl., óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012, 272. mál. Upphaflega var þess óskað að umsögn bankans myndi berast nefndasviði Alþingis eigi síðar en 28. maí sl. en sá frestur var síðar framlengdur til 4. júní.

Seðlabanki Íslands hefur eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012.

- Í fyrsta lagi er þau fjárhæðarviðmið sem notast er við of lág að mati Seðlabanka Íslands. Með því að hafa viðmiðin jafn lág og raun ber vitni er hætt við að tilkynningarskyldan reynist of íþyngjandi fyrir þá aðila sem ákvæðið á að ná til.
- Í öðru lagi er uppgefinn frestur ekki raunhæfur að mati Seðlabanka Íslands. Það er ekki tryggt að reikningar vegna hvers mánaðar hafi borist fyrir 10. dag næsta mánaðar. Þegar reikningar berast fara þeir auk þess í hefðbundið ferli (bókun, samþykkt o.s.frv.) sem alla jafna er ekki lokið fyrir 10. dag næsta mánaðar.
- Í þriðja lagi setur Seðlabanki Íslands fyrirvara við það fyrirkomulag að binda takmarkanir á upplýsingaskyldu við almannahagsmuni samkvæmt 10. gr. og gera þar með aðrar takmarkanir í II. kafla laganna óvirkar.
- Í fjórða lagi er fyrirsjáanlegt að upp komi aðstæður sem gera Seðlabanka Íslands ómögulegt að uppfylla upplýsingaskyldu samkvæmt nýrri 13. gr. a. vegna þagnarskyldu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Sem dæmi má nefna kaup og afgreiðslu á peningaseðlum og mynt, en slík innkaup bankans rúmast tæplega innan 10. gr. upplýsingalaga um takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur

Ásta H. Bragadóttir,
frkvstj. rekstrar og starfsmannamála